

Fundargerð

Fimmtudaginn 20. ágúst 2020, kl. 17:00 - var haldinn fundur í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún**. Fundarstaður var Hnúkabyggð 33 á Blönduósi. Á fundinn voru mættir eftirtaldir aðilar: Halldór G. Ólafsson, formaður, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson. Valdimar ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund kl 17:00- og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfund dags., 6. desember 2019, var undirrituð en hún hafði áður verið send út með tölvupósti, án athugasemda.

2. Ársreikningur 2019

Fyrir fundinum lá ársreikningur BMA, fyrir árið 2019, sem gerður var af KPMG, ásamt staðfestingarbréfi, stöðluðu upplýsingarbréfi og ábendingum til formanns og framkvæmdastjóra. Rekstrarniðurstaða ársins 2019 var jákvæð um 912.836,00- en hefði verið neikvæð um (352.412,00) árið 2018. Aðrar kennitölur voru svipaðar og árið áður en framkvæmdastjóri útskýrði breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum ásamt fjárfestingum í rekstrarfjármunum. Að lokinni yfirferð og skýringum var ársreikningur fyrir árið 2019 samþykktur.

3. Húsaleiga á Kvennaskólareit – hugmyndir að breytingum.

Fyrir fundinum lá minnisblað um mögulegt fyrirkomulag er varðar húsaleigu í húsnæði Kvennaskólans, m.a. að teknu tilliti til ábendinga frá endurkoðendum, þannig að fram kæmi bæði húsaleiga og styrkir fyrir afnot af húsnæði. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að yfirfara húsaleigumál, og gera tillögur um fyrirkomulagi fyrir árslok sem myndu gilda fyrir árið 2020 og áfram, samkvæmt minnisblaði og umræðu á fundinum. *Staðan verður yfirfarin á næsta fundi BMA.*

4. Hlutverk og staða Hkjarna ehf.

Til umræðu var hlutverk og staða félagsins, sem ekki hefur verið með neina starfsemi til margra ára, en er í meirihlutaeigu BMA. Framkvæmdastjóra falið að ræða við NMÍ, um hugmyndir þeirra sem annars stærsta hluthafa. Síðan yrði að halda hluthafafund til þess að ákveða hlutverk og framhald, eða að ákveða að leggja félagið niður.

5. Textílmíðstöð Íslands – ársfundur og staða mála.

Ársfundur Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi, og Textíllistamiðstöðvar verður haldinn 21. ágúst n.k., í fjarfundi.

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

Formaður hefur boðað forföll á fundinn en framksæmdastjóri mun halda erindi um stöðu húsnæðismála, að því leyti sem þau snúa að BMA og ríkisvaldinu.

6. Samskipti við MRN/ríkið, vegna Kvinnaskólareits ofl.

Framkvæmdastjóri upplýsti um samskipti sín við ríkisvaldið um stöðu fjárveitinga til frekari viðhalds og uppbyggingar á Kvinnaskólareit. Vonast er eftir að það skýrist á næstu dögum/vikum, hvenær og hvernig framhald verður, samkvæmt samskiptum við ráðuneyti MRN.

7. Héraðsskjalasafn A-Hún., - óskir um viðhald ofl.

Fyrir fundinum lá minningsblað, í 5 liðum, um óskir um viðhald og endurbætur á húsnæði Héraðsskjalasafns A-Hún., með áætluðum kostnaði. Samþykkt að fara í framkvæmdir við liði 1 – 4., sem eru samkvæmt fjárhagsáætlun ársins, en skoða 5. liðinn nánar síðar.

8. Samningur um ferðamál og upplýsingamiðstöð A-Hún.

Fyrir liggur að „*Tímabundinn samningur, um rekstur og umsjón með Upplýsingamiðstöð A-Hún., og önnur verkefni sem því fylgja.*“ sem verið hefur í gildi frá 1. sept 2019, mun renna út 31. ágúst 2020. Fram hefur komið að núverandi samningsaðili hefur ekki tök á að koma að framlengingu á núverandi samningi, en annar aðili er tilbúinn að taka hann yfir eða gera nýjan samning um sama efni. *Málið lagt fram til kynningar, en framkvæmdastjóra er falið að afla frekari upplýsinga um málið og leggja tillögur fyrir næsta fund BMA.*

9. Önnur mál:

Umræður urðu um brunavarnir í öllu húsnæði á Kvinnaskólareit, og samþykkt að láta gera úttekt á þeim málum og tillögur að úrbótum.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundir slitið kl. 18:30-

